

Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 52 frá 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, er ákveðið, að í kosningum þessum skuli kjördagar vera tveir. 54  
15. ágúst

Því mæli ég svo fyrir, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram sem hér segir:

Í kjördeildum, sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kaup-  
túns: sunnudaginn 25. október n. k.

Annars staðar: sunnudaginn 25. október og mánudaginn 26. október n. k.

*Gjört i Reykjavík, 15. ágúst 1959.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

um samkomudag reglulegs Alþingis 1959.

55

17. ágúst

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

#### 1. gr.

Reglulegt Alþingi 1959 skal koma saman föstudaginn 20. nóvember, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyr á árinu.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 3/1959, um samkomudag reglulegs Alþingis 1959.

*Gjört i Reykjavík, 17. ágúst 1959.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

Stjórnartíðindi 1959, A. 6.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um verð landbúnaðarafurða.

56

18. sept.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að vegna sérstaks ágreinings fulltrúa neytenda og framleiðenda hafi ekki tekizt að ákveða söluverð landbúnaðarafurða á innlendum markaði á þann hátt, sem lög nr. 94/1947 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., gera ráð fyrir. Landbúnaðarráðherra hefur enn

A 25

Endurprentað blað.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

56  
18. sept.

fremur tjáð mér, að til þess að tryggja efnahagsjafnvægi og atvinnuöryggi í landinu þangað til Alþingi getur fjallað um þessi mál að afstöðnum kosningum þeim, sem fram eiga að fara 25. og 26. október n. k., og meðan kaupgjald í landinu helzt óbreytt, sé nauðsynlegt að verð landbúnaðarafurða hækki ekki. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

### 1. gr.

Heildsölu- og smásöluverð það á sauðfjárafurðum, mjólk og mjólkurvörum, nautgripakjöti og hrossakjöti, sem kom til framkvæmda 1. marz 1959 samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 28. febrúar 1959, skal gilda óbreytt á tímabilinu 1. september til 15. desember 1959.

Sumarverð á kartöflum skal niður falla eigi síðar en 25. september 1959. Á tímabilinu frá því að niðurfelling sumarverðs á sér stað og til 15. desember 1959 skal gilda óbreytt heildsölu- og smásöluverð það á kartöflum, er kom til framkvæmda 1. marz 1959, samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 28. febrúar 1959.

Sumarverð á gulrófum skal niður falla eigi síðar en 25. september 1959. Á tímabilinu frá því að niðurfelling sumarverðs á sér stað og til 15. desember 1959 skal gilda óbreytt heildsölu- og smásöluverð það á gulrófum, er kom til framkvæmda 22. september 1958, samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 21. september 1958.

Heildsölu- og smásöluverð það á eggjum, er kom til framkvæmda 1. apríl 1959 samkvæmt auglýsingu framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. marz 1959, skal gilda óbreytt á tímabilinu 1. september til 15. desember 1959.

Útsöluverð mjólkur í pappaumbúðum má vera 20 aurum hærra hver lítri heldur en útsöluverð mjólkur á flösku.

### 2. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála, og varða brot sektum allt að kr. 500 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Staddur í Vatnsdal, 18. september 1959.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Friðjón Skarphéðinsson.*